

3. fundur Foreldraráðs ML með skólastjórnendum og húsbónda á heimavist á skrifstofu skólans, fimmtud. 3. mars 2011 kl 17.40.

Mætt voru: Halldór Páll Halldórsson skólameistari, Páll M. Skúlason aðstoðarskólameistari, Pálmi Hilmarsson húsbóndi á heimavist, og Foreldraráðskonur María Magnúsdóttir formaður, Kristjana Gestsdóttir meðstjórnandi/gjaldkeri og Geirprúður Sighvatsdóttir ritari. María setti fund og Geirprúður ritaði fundargerð.

1. Farið í gegnum drög Foreldraráðs að lögum foreldraráðs/foreldrafélags. Rætt um skilgreiningar á hugtökunum foreldraráð og foreldrafélaga, en þau eru nokkuð á reiki. Ákveðið að Foreldraráð haldi stofnfund Foreldrafélags ML fimmtud. 14. apríl n.k. kl 20.30 í Menntaskólanum að Laugarvatni, þar sem löggin verði lögð fram til samþykktar.
2. Önnur mál:
 - a. Halldór Páll sagði frá árshátíð skólans föstud. 11. mars. Býður hann foreldraráði ásamt mökum á árshátíðina, hátíðarkvöldverður kl 18 og galadansleikur á eftir, allt í umsjón nemenda. Viku seinna er frumsýning á nemendaleikritinu í Aratungu.
 - b. Pálmi sagði frá fyrirhugaðri fjölmennri ferð nemenda á söngvakeppni framhaldsskólanna á Akureyri 8-10. apríl. Rætt um fyrirkomulag þessarar ferða, sem gefist hefur vel undanfarin ár og um aðkomu foreldra að gæslu og aðstoð í ferðinni.
 - c. Rætt um fyrirhugaðan stofnfund Foreldrafélagsins 14/4'11. Gott gæti verið að hafa áhugaverð erindi eða fyrirlestra á fundinum fyrir foreldra, til að örfa þátttöku. T.d. mætti segja þar frá nýafstaðinni ferð á söngvakeppnina, kynna Innu og hvetja foreldra til að nota hana, og kynna "Modul", nýjan frían hugbúnað til að halda utanum verkefnaskil nemenda og einkunnir.
 - d. Rætt um póstlista/nafnalista foreldra. Æskilegt væri að foreldraráð hafi aðgang að nafna- og heimilisfangalista foreldra, til að geta áttað sig á staðsetningu foreldra á landinu. HPH athugar hjá persónuvernd hvort það sé í lagi að póstlistar séu afhentir foreldraráði. Skólanum yrði hinsvegar falið að senda allan póst frá foreldraráði til foreldra, þar sem þar eru heimilisföng uppfærð. HPH taldi bréfaþóst öruggari en netföng.
 - e. Rætt um vanda framhaldsskóla vegna niðurfellingar samræmdra prófa og misræmis í einkunnum milli skóla. En Halldór Páll taldi samræmdu prófin hafa haft mjög gott forspárgildi um gengi nemenda þegar kom upp í framhaldsskóla. Skólaeinkunnir ættu hinsvegar til að "bóligna". Gott væri að fá umræðu um málið meðal foreldra og skólafólks á Suðurlandsvísu.

Fundi slitið kl 19.

Geirprúður Sighvatsdóttir

